

Nd. 170. Frumvarp til laga [122. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1973.

(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972.)

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að gefa út til sölu innanlands ríkisskuldabréf eða spariskirteini að fjárhæð allt að 200 millj. kr., en jafnframt falla niður 140 millj. kr. af heimild í 1. gr. laga nr. 26/1972.

2. gr.

Heimilt er að verðtryggja skuldabréf þau og spariskirteini, sem gefin verða út skv. 1. gr., með því að binda vexti af þeim og afborganir vísitölu.

Um lánstíma, vexti og önnur lánskjör, svo og fyrirkomulag verðtryggingar, fer eftir ákvörðun fjármálaráðherra.

3. gr.

Ríkisskuldabréfin og spariskirteinin, sbr. 1. gr., svo og vextir af þeim og verðbætur, skulu undanþegin framtalsskyldu og skattlagningu á sama hátt og sparifé, sbr. 21. gr. laga nr. 68/1971. Skuldabréfin og spariskirteinin skulu skráð á nafn eigenda.

4. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að gefa út ný ríkisskuldabréf eða spariskirteini skv. ákvæðum 2. gr., eftir því sem á þarf að halda í stað þeirra, er upphaflega verða útgefin skv. ákvæðum 1. gr. að viðbætti áfallinni verðlagsuppbót.

5. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að gefa út til sölu innanlands happdrættisskuldabréf samtals að fjárhæð 80 millj. kr. til greiðslu kostnaðar af veg- og brúagerð á Skeiðarársandi, er opni hringveg um landið. Skulu ákvæði laga nr. 99/1971 gilda um skuldabréfaútgáfu þessa, eftir því sem við á.

6. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka vörukaupalán hjá ríkisstjórn Bandaríkjanna (P.L. 480 lán) allt að 600 þús. bandarískum dollurum.

7. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka erlent lán að jafnvirði allt að 50 millj. kr. vegna væntanlegrar samtengingar raforku milli Norður- og Suðurlands, ef fé skortir til nauðsynlegra rannsókna eða nauðsynlegt reynist að kaupa efni, þannig að framkvæmanlegt verði að hefja byggingu línunnar árið 1974.

8. gr.

Heimilt er fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast innlend eða erlend án að jafnvirði allt að 172 millj. kr. til framkvæmda ríkisins í vega- og raforkumálum.

9. gr.

Heimilt er fjármálaráðherra að taka tækjakaupalán fyrir hönd ríkissjóðs að fjárhæð allt að 16 millj. kr. vegna radióvita til vita- og hafnamálastjórnar og vegna fjarskiptabúnaður til embættis lögreglustjórans í Reykjavík.

10. gr.

Lánsfé því, sem aflast með sölu ríkisskuldabréfa eða spariskírteina skv. 1. gr., með endurgreiðslu af áður útgefnum spariskírteinalánum, með sölu happdrættis-skuldabréfa skv. 5. gr. og fyrri heimild, með P.L. 480 láni skv. 6. gr., með erlendri lántöku skv. 8. gr. og með tækjakaupalánum skv. 9. gr., skal verja sem hér segir:

	Millj. kr.
Rafmagnsveitur ríkisins, framkvæmdir	236
Rafmagnsveitur ríkisins, lenging lána	10
Laxárvirkjun	47
Stofnlína Norður- Suðurland	13
Sveitarafvæðing	70
Orkustofnun, vatnsorkurannsóknir	20
Orkustofnun, jarðhitarannsóknir	23
Orkustofnun, jarhitaleitarlán	4
Orkustofnun, jarðboranir	6
Skeiðarársandsvegur	230
Aðrir vegir á vegáætlun	75
Hafnarfjarðarvegur í Kópavogi	50
Landshafnir	19
Radió-vitar, tækjakaupalán	8
Norðurlandsáætlun, hafnir og flugvellir	38
Flugöryggismál	11
Lögreglustöðin í Reykjavík	19
Rannsóknastofnanir á Keldnaholti	9
Halli á framkvæmdaáætlun 1972	30
	<hr/>
	918
Til Framkvæmdasjóðs Íslands	100
	<hr/>
	1 018

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Eins og boðað var í greinargerð fjárlagafrumvarps fyrir árið 1973, er framkvæmda- og fjáröflunaráætlun ríkisstjórnarinnar fyrir það ár nú lögð fram meðan fjárlagafrumvarpið er enn til meðferðar, þannig að unnt verður að líta á heildarframkvæmdir ríkisins á sama tíma við ákvarðanatöku á Alþingi. Er þetta í fyrsta sinn, sem frumvörp þessi eru til meðferðar samtímis á þinginu, og er að því augljóst hagræði.

Lánsfjáröflun til þeirra opinberu framkvæmda, sem 10. gr. frumvarpsins tekur til, nemur 918 millj. kr., auk 100 millj. kr., sem ætlað er að gangi til Framkvæmda-

sjóðs Íslands af nýrri spariskirteinaútgáfu, eða samtals 1 018 millj. kr. Hluti opinberra framkvæmda af nýrri spariskirteinaútgáfu er einnig 100 millj. kr., þannig að slík útgáfa nemur í heild 200 millj. kr. Á árinu 1972 var heimild til útgáfu spariskirteina að fjárhæð 500 millj. kr.. Nú hefur verið ákveðið, að ekki verði notaðar nema 360 millj. kr. af þeirri heimild, og er ekki talið líklegt, að búið verði að selja skirteini fyrir þá fjárhæð fyrr en á fyrstu mánuðum ársins 1973. Með tilliti til reynslunnar af sölu spariskirteina á þessu ári þykir ekki ráðlegt að reikna með meiri sölu en 200 millj. kr. á árinu 1973, enda mun hluti af heimild þessa árs verða notaður á því ári. Auk þess er ráðgerð á árinu 1973 aukin sala happdrættis-skuldabréfa. Happdrættislánið vegna vega- og brúaf framkvæmda á Skeiðarársandi er hér áætlað 230 millj. kr., og er það í samræmi við vegáætlun. Endurgreiðsla eldri spariskirteina er áætluð 350 millj. kr., vörukaupalán hjá Bandaríkja-stjórn (P.L. 480 lán) um 50 millj. kr., önnur erlend lán til opinberra framkvæmda (vega- og raforkumála) 172 millj. kr. og tækjakaupalán í þágu vitamála og löggæzlu-mála 16 millj. kr.

Fyrir utan framangreindar lántökuheimildir til opinberra framkvæmda, sem samtals nema 918 millj. kr., má gera ráð fyrir 400 millj. kr. erlendri lántöku Landsvirkjunar, sem er áætlaður kostnaður við ársáfangu Sigölduvirkjunar, og 60 millj. kr. tækjakaupaláni Pósts og síma, en ekki er þörf á að leita sérstakrar lántökuheimildar í þessu frumvarpi til þessara framkvæmda. Þannig nemur lántökuþörf til opinberra framkvæmda í heild 1 378 millj. kr. á árinu 1973, en árið 1972 voru hliðstæðar lántökuheimildir samtals 1 778 millj. kr. og er því um 400 millj. kr. lækkun að ræða.

Um 1. gr.

Að þessu sinni er leitað heimildar til allt að 200 millj. kr. fjáröflunar með verðbréfaútgáfu innanlands. Eins og fyrr greinir, þykir ekki ráðlegt að treysta á meiri sölu en þetta með tilliti til reynslunnar af sölu spariskirteina á þessu ári. Ætlað er, að 100 millj. kr. af fjáröfluninni gangi til opinberra framkvæmda og 100 millj. kr. til Framkvæmdasjóðs Íslands. Í greininni er einnig gert ráð fyrir, að niður verði felldur sá hluti útgáfuheimildar 1. gr. laga nr. 26/1972, sem ekki er ráðgert að nota.

Um 2.—4. gr.

Í þessum greinum eru sömu ákvæði um lánskjör, skattalega meðferð og skráningu og í hliðstæðum lögum fyrr á þessu ári (l. nr. 26/1972).

Um 5. gr.

Í lögum nr. 99/1971 um happdrættislán ríkissjóðs vegna vega- og brúagerða á Skeiðarársandi, er opni hringveg um landið, er í 1. gr. heimild til útgáfu 250 millj. kr. happdrættis-skuldabréfs á árunum 1971 til 1975. Þegar hafa verið notaðar 100 millj. kr. af þessari heimild, og er því nauðsynlegt að hækka heildarheimildina um 80 millj. kr. til öflunar þeirra 230 millj. kr., sem gert er ráð fyrir í vegáætlun á árinu 1973. Ætlað er til, að ákvæði fyrrgreindra laga gildi um þessa viðbótarheimild, eftir því sem við á.

Um 6. gr.

Hér er um að ræða sams konar lántöku og á undanförunum árum, og er fjárhæð láns þess, sem ráðgert er að taka á árinu 1973, áætluð 600 þús. bandarískir dollarar.

Um 7. gr.

Ráðgert er að verja 13 millj. kr. til rannsókna á lagningu stofnlínu raforku milli Norður- og Suðurlands, sbr. 10. gr. frumvarpsins. Sú heimild að fjárhæð 50 millj. kr., sem hér er leitað að auki, er hugsuð til vara, ef rannsóknir reynast kostnaðarsamari en þetta og nauðsynlegt verður talið að festa kaup á efni til línunnar á árinu 1973, en lagning hennar er fyrirhuguð á árinu 1974.

Um 8. gr.

Þar sem lánsfjáröflun innanlands til opinberra framkvæmda er ekki talin geta mætt þeim framkvæmdaáformum, sem 10. gr. frumvarpsins felur í sér, verður nauðsynlegt að afla 172 millj. kr. með lántökum erlendis, og eru þá fyrst og fremst höfð í huga vegamál og raforkuframkvæmdir. Þar sem fjáröflun samkvæmt breytingu á vegalögum mun ekki nægja til að tryggja þær fjárhæðir, sem vegáætlunin gerir ráð fyrir til framkvæmda í hraðbrautum og skv. Austur- og Norðurlandsáætlunum, er gert ráð fyrir, að 75 m. kr. af þessari fjárhæð gangi til þessara vegaf framkvæmda, en að öðru leyti til raforkumála.

Um 9. gr.

Hér er farið fram á heimild til að taka lán, er bjóðast frá framleiðendum tækja, annars vegar radióvita á vegum vita- og hafnamálastjórnar 8 millj. kr., og hins vegar fjarskiptatækja í nýju lögreglustöðina 8 millj. kr.

Um 10. gr.

Rafmagnsveitur ríkisins, framkvæmdir. Ráðgert er að afla samtals 236 millj. kr. til framkvæmda á vegum rafmagnsveitnanna, og eru fyrirhugaðar framkvæmdir í meginráttum þessarar: Til virkjana er ætlað að verja 125.6 millj. kr., þar af Lagarfossvirkjun 46.5 millj. kr. og Mjólkárviðvirkjun 79.1 millj. kr. Kostnaður við stofnlínur og aðveitustöðvar er áætlaður 65.1 millj. kr., þ. e. lína Andakill—Þingnes 3.5, Snæfellsneslína 25.0, Varmahlíð—Sauðárkrókur 5.0, Djúpivogur—Berufjörður 9.6, Laugarvatnslína 6.5, lína yfir Mýrdalssand 8.0 og spennar á Akureyri og Aðaldal auk aðveitustöðvar á Dalvík, 7.5 millj. kr. Til innanbæjarkerfa eru ætlaðar 30 millj. kr. og til ýmissa annarra verkefna samtals 23.5 millj. kr. Heildarframkvæmdir eru þannig um 244 millj. kr., en á móti eru heimtaugagjöld áætluð 8 millj. kr., þannig að lánsfjárbörf verður 236 millj. kr.

Rafmagnsveitur ríkisins, lenging lána. Hér er um að ræða lengingarlán til að létta skuldagreiðslubyrði rafmagnsveitnanna, og er gert ráð fyrir 10 millj. kr., en árið 1972 var varið 20 millj. kr. í þessu skyni.

Laxárvirkjun. Framkvæmd Laxárvirkjunar hefur enn seinkað nokkuð, en nú er gert ráð fyrir, að virkjunin hefji starfsemi vorið 1973. Þessari seinkun hefur fylgt nokkur kostnaðarauki, en hér er talið, að 47 millj. kr. lánsfé muni nægja til að ljúka verkinu.

Stofnlína Norður—Suðurland. Ríkisstjórnin hefur ályktað, að stefnt skuli að lagningu orkuflutningslínu frá væntanlegri Sigölduvirkjun til Norðurlands. Hér er gert ráð fyrir 13 millj. kr. rannsóknakostnaði vegna þessa verkefnis, en auk þess er í 7. gr. frumvarpsins leitað sérstakrar aukalegrar lántökuheimildar að fjárhæð allt að 50 millj. kr., sem síðar yrði ákveðið, hvort nota skuli. Yrði það hugsanlega í sambandi við frekari rannsóknakostnað á árinu en hér er áætlaður eða til efniskaupa miðað við, að lagning geti hafizt árið 1974.

Sveitarafvæðing. Á fjárlagafrumvarpi 1973 eru 50 millj. kr. ætlaðar til sveitarafvæðingar, þannig að með þeirri 70 millj. kr. lánsfjáröflun, sem hér er gert ráð fyrir, yrðu 120 millj. kr. til ráðstöfunar í þessu skyni, og þar við bætast heimtaugagjöld. Er þessi fjárbörf í samræmi við markaða stefnu í sveitarafvæðingu.

Orkustofnun. Hér er gert ráð fyrir fjórskiptri lánsfjáröflun, samtals að fjárhæð 53 millj. kr. Í fyrsta lagi gangi 20 millj. kr. til vatnsorkurannsóknna, og yrði aðalverkefnið þar rannsóknir á Þjórsár- og Hvítársvæði og Jökulsár á Fjöllum. Í öðru lagi yrði varið 23 millj. kr. til jarðhitarrannsókna, einkum til borunar í Svartsengi á Reykjanesi og tæknilegra vinnsluathugana á nýtingu varmaorku fyrir byggðarlög utarlega á Reykjanesi og Keflavíkurlugvöll. Í þriðja lagi er ráðgerð 6 millj. kr. fjáröflun til jarðborana ríkisins vegna rekstrarfjárþarfar, og loks 4 millj. kr. fjáröflun til jarðhitaleitarlána til viðbótar 5.1 millj. kr. í fjárlagafrumvarpi.

Skeiðarársandsvegur. Samkvæmt vegáætlun er gert ráð fyrir 230 millj. kr. vegna þessarar framkvæmdar á árinu 1973. Þessi tala er tekin hér óbreytt, svo og tekjuöflun með útbóði happdrættisláns.

Aðrir vegir á vegáætlun. Á sama hátt eru hér teknar fjárhæðir í samræmi við vegáætlun. Þær framkvæmdir, sem um ræðir, eru hraðbrautir 75 millj. kr., Norðurlandsáætlun 150 millj. kr. Austurlandsáætlun 75 millj. kr. og Djúpvegur 25 millj. kr. Samtals nemur kostnaður við þessar framkvæmdir skv. vegáætlun 325 millj. kr. en áætlað er, að breyting á vegalögum muni leiða til 250 millj. kr. tekjuauka af stofnum vegasjóðs, þannig að á vantar 75 millj. kr., sem aflað verður með lánsfé.

Hafnarfjarðarvegur í Kópavogi. Til þessarar framkvæmdar er ráðgert að afla 50 millj. kr. lánsfjár. Af því mun um helmingur, eða rösklega 28 millj. kr., fara til skuldagreiðslna.

Landshafnir. Sú 19 millj. kr. lánsfjáröflun, sem hér er ráðgerð, skiptist þannig milli landshafnanna: Þorlákshöfn 2 millj. kr. til rannsókna, Njarðvík 11 millj. kr. til grjóttvarnar og Rifshöfn 6 millj. kr. til vega, lagna og frágangs annarra verka.

Radíóvitar, tækjakaupalán. Til viðbótar þeim 8 millj. kr., sem hér um ræðir, er fjárveiting í fjárlagafrumvarpi um 6 millj. kr., en áætlað er að verja þessu fé til endurnýjunar og nýbyggingar tíu radióvita.

Norðurlandsáætlun, hafnir og vegir. Til hafna eru ætlaðar 13 millj. kr., og er hér um að ræða framkvæmdir á Drangnesi, Skagaströnd og Hofsósi. Til flugvalla er ráðgert að verja 25 millj. kr., en skipting þess fjár hefur ekki verið endanlega af-ráðin. Samkvæmt fyrirbyggjandi tillögum munu þó um 15 millj. kr. fara til byggingar nýrrar flugbrautar á Sauðárkróki, og gert er ráð fyrir að afgangurinn, 10 millj. kr., gangi til flugbrauta og flugbrautarljósa á ýmsum stöðum norðanlands.

Flugöryggismál. Fjárhæðin, 11 millj. kr., er greiðsla inn á sex ára samning (1971—1976) um kaup á ratsjárnúnaði fyrir flugstjórnarmiðstöðina í Reykjavík og þjálfun starfsfólks.

Lögreglustöðin í Reykjavík. Af 19 millj. kr. fjáröflun til þessarar framkvæmdar eru 8 millj. kr. í formi tækjakaupaláns, eins og fyrr greinir. Í fjárlagafrumvarpi er gert ráð fyrir 3.2 millj. kr. fjárveitingu til verksins, þannig að til ráðstöfunar verða 22.2 millj. kr. á árinu. Hins vegar er gert ráð fyrir því í síðustu áætlun um þessa framkvæmd, að enn vanti um 8 millj. kr. til endanlegs frágangs utan húss og innan, sem þá flyttist til ársins 1974.

Rannsóknastofnanir á Keldnaholti. Vegna framkvæmda rannsóknastofnananna þarf að afla 9 millj. kr. á árinu 1973, þar af um 7 millj. kr. til skuldagreiðslna vegna þegar unninna verka, en 2 millj. kr. eru ætlaðar til vegagerðar, lýsingar og ýmissa smáverka.

Halli frá framkvæmdaáætlun 1972. Enda þótt ekki hafi farið fram endanlegt uppgjör vegna framkvæmda- og fjáröflunaráætlunar 1972 af skiljanlegum ástæðum, má þó á þessu stigi fara mjög nærri um það mál, og eftir nýafstaðna athugun er líklegt, að halli þeirrar áætlunar muni nema nálægt 30 millj. kr.